

Fjölmenningarsetur
07 329

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölmenningarsetur

kt. 521212-0630

Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölmenningssetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 70 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 54,3 milljónir og afkoma kr. -12,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -12,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölmenningsseturs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölmenningsseturs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Nichole Leigh Mosty
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	54.000.000	46.900.000
Framlög og ýmsar tekjur		0	3.489.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	286.231	199.395
Tekjur samtals		<u>54.286.231</u>	<u>50.588.395</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	49.782.059	37.870.836
Annar rekstrarkostnaður	4	16.265.456	16.427.820
Afskriftir	5	286.231	199.395
Gjöld samtals		<u>66.333.746</u>	<u>54.498.051</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(12.047.515)	(3.909.656)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(6.383)	(20.984)
		<u>(6.383)</u>	<u>(20.984)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(12.053.898)</u></u>	<u><u>(3.930.640)</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		1.009.581	1.143.624
Fastafjármunir samtals		<u>1.009.581</u>	<u>1.143.624</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	2.848.171	7.065.182
Veltufjármunir samtals		<u>2.848.171</u>	<u>7.065.182</u>
Eignir samtals		<u><u>3.857.752</u></u>	<u><u>8.208.806</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		(12.053.898)	(3.930.640)
Eigið fé samtals		<u>(12.053.898)</u>	<u>(3.930.640)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	5.596.983	354.360
Viðskiptaskuldir		720.878	1.388.378
Ýmsar skammtímaskuldir	8	3.491.512	4.008.200
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	6.102.277	6.388.508
Skuldir samtals		<u>15.911.650</u>	<u>12.139.446</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>3.857.752</u></u>	<u><u>8.208.806</u></u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(12.053.898)	(3.930.640)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		286.231	199.395
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(286.231)	(199.395)
		<u>(12.053.898)</u>	<u>(3.930.640)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	32.600
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(1.184.188)	(723.540)
		<u>(1.184.188)</u>	<u>(690.940)</u>
		<u>(13.238.086)</u>	<u>(4.621.580)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	5	(152.188)	(1.186.964)
		<u>(152.188)</u>	<u>(1.186.964)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		3.930.640	3.555.881
Gjafaframlög til fjárfestinga		0	6.511.000
Tengdir aðilar		9.459.634	(4.258.337)
		<u>13.390.274</u>	<u>5.808.544</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	54.000.000	46.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	286.231	199.395
	<u>54.286.231</u>	<u>47.099.395</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	39.500.000	0	0	39.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	14.500.000	0	0	14.500.000
Fjárveiting til tekna	54.000.000	0	0	54.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(66.053.898)	0	0	(66.053.898)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(12.053.898)	0	0	(12.053.898)

	2020	2019
3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	40.771.554	31.189.717
Orlof, breyting	(451.588)	(568.508)
Launatengd gjöld	9.343.433	7.149.187
Starfsmannakostnaður	118.660	100.440
	<u>49.782.059</u>	<u>37.870.836</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	4,3	4,3

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	106.664	42.880
Ýmis tæki og áhöld	22.169	70.445
Orkugjafir	1.656	30.069
Matvæli	101.441	48.869
Almennar rekstrarvörur	33.134	19.180
Vörukaup, almenn	<u>265.064</u>	<u>211.443</u>
Fundir, námskeið, risna	42.450	25.000
Ferðir, uppihald	2.576.349	3.328.225
Akstur	1.052.100	1.720.532
Sérfræðipjónusta	5.092.611	3.500.297
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	6.045	5.032
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	58.300	175.092
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	57.181	181.387
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>8.885.036</u>	<u>8.935.565</u>
Afnotagjöld	2.168.064	1.867.994
Leigugjöld	3.910.970	4.286.438
Verkkaup	61.046	200.709
Kostnaðarhlutdeild	975.276	925.671
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>7.115.356</u>	<u>7.280.812</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>16.265.456</u>	<u>16.427.820</u>

Skýringar

	2020	2019
5 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.009.581	1.143.624
	<u>1.009.581</u>	<u>1.143.624</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	2.111.785
Viðbætur á árinu	152.188
Selt/niðurfært á árinu	0
	<u>2.263.973</u>
Afskriftir 1.1.2020	968.161
Selt/niðurfært á árinu	0
Afskrift ársins	286.231
	<u>1.254.392</u>
Staða 31.12.2020	<u>1.009.581</u>
	31.12.2020
	31.12.2019

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.848.171	7.065.182
	<u>2.848.171</u>	<u>7.065.182</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	5.596.983	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	354.360
	<u>5.596.983</u>	<u>354.360</u>

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.2020	(3.930.640)	(3.555.881)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	3.930.640	3.555.881
Afkoma ársins	(12.053.898)	(3.930.640)
Jöfnuður 31.12.2020	<u>(12.053.898)</u>	<u>(3.930.640)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2020 og B-deild Stjórnartíðinda.

8 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	3.491.512	3.943.100
Ógreidd laun	0	65.100
	<u>3.491.512</u>	<u>4.008.200</u>

Skýringar

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	2020	2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.009.581	1.143.624
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga	5.092.696	5.244.884
	<u>6.102.277</u>	<u>6.388.508</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	1.143.624	5.244.884	6.388.508
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	152.188	(152.188)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(286.231)	0	(286.231)
	<u>1.009.581</u>	<u>5.092.696</u>	<u>6.102.277</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga. Samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema 4 millj. kr. og vegna þjónustusamninga 2,9 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loford

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við